

Fimmtudaginn 20. nóvember 1947.

Nr. 165/1946. Sigurlaug Kristjánsdóttir

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Birni Benediktssyni

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um greiðslu orlofsfjár.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. des. 1946, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 243.93 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. marz s. l., af Sigurlaugu Kristjánsdóttur, hér í bæ, gegn Birni netjagerðarmeistara Benediktssyni, Miklubraut 7 hér í bænum, til greiðslu orlofseyris að fjárhæð kr. 243.93 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir: Stefndandi, sem er félagi „Nótar“, félags netjavinnufólks, hefur um mörg undanfarin ár unnið á netjaverkstæði stefnda, en lét þar af störfum 31. ágúst 1945. Í kjarasamningi milli „Nótar“ og Félags netjaverkstæðiseigenda hér í bæn-

um, sem stefndi mun vera félagi í, var á sinum tíma kveðið svo á, að fólk, sem unnið hafði a. m. k. 9 mánuði á almanaksári hjá sama verkstæðiseiganda, skyldi fá fri með fullu kaupi í 6 daga á þeim tíma sama almanaksárs, sem verkstæðiseigandi ákvæði. Samningur þessi tók gildi 1. janúar 1941. Fékk stefnandi fri samkvæmt samningnum árin 1941 og 1942, sex daga hvort ár. Hinn 22. desember 1942 var gerður nýr kjarasamningur milli aðilja þeirra, er áður greinir. Var þar tekið fram, að verkamenn ættu rétt á sumarleyfi í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um orlof, sem lagt hafði verið fyrir alþingi sumarið 1942. Frumvarp þetta var síðar samþykkt sem lög um orlof nr. 16 frá 1943. Samkvæmt þessum samningi fékk stefnandi sumarleyfi í tvær vikur sumarið 1943.

Sumarið 1944 fékk hún einnig 2 vikna leyfi. Hinn 22. desember 1944 var enn á ný samið um kjör milli áðurgreindra félaga. Var þá svo ákvæðið, að um sumarleyfi skyldi fara eftir lögum um orlof. Þegar stefnandi léi af störfum hjá stefnda 31. ágúst 1945, fékk hún greitt orlofsfé, 4% af launum sínum, fyrir tímabilið 1. janúar til 14. maí 1945. Síðar hefur stefndi einnig greitt stefnanda orlofsfé fyrir tímabilið 14. maí—31. ágúst 1945.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þegar hún fór frá stefnda, hafi hún átt hjá honum orlofsfé fyrir orlofsárið 1944—1945, að frádregnu því, sem stefndi hefur þegar greitt fyrir tímabilið 1. janúar til 14. maí 1945. Telst henni svo til, að hið vangreidda orlofsfé nemi kr. 243.93, sem er dómkrafa hennar í málinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt samningi þeim, er áður greinir frá 22. desember 1942, hafi stefnandi fengið orlof sumarið 1944 fyrir það almanaksár. Eigi hún því ekki rétt til orlofsfjár nema fyrir það, sem hún vann á árinu 1945, en það hafi hún þegar fengið greitt.

Stefnandi tók orlof, meðan hún var í þjónustu stefnda, samkvæmt framangreindum kjarasamningum fyrir almanaksárin 1941—1944, að báðum meðtöldum. Átti hún því ekki kröfu til orlofsfjár frá stefnda, er hún hætti vinnu hjá honum, nema fyrir tímabilið 1. janúar 1945 til 31. ágúst s. á. Orlofsfé þetta hefur stefnandi þegar fengið greitt, og ber því að sýkna stefnda af kröfum hennar í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Björn Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurlaugar Kristjánsdóttur, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.